



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 27. mars 2023

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024 – 2028.

Umboðsmaður barna fagnar þeim áformum sem fram koma í þingsályktunartillögu þessari um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024 – 2028.

Umboðsmaður telur það vera framfaraskref að komið verði á fót Miðstöð barnamenningar sem fari með yfirumsjón með starfsemi Barnamenningarsjóðs Íslands og verkefnisins List fyrir alla. Þá sé jafnframt mikilvægt að Barnamenningarsjóður Íslands verði gerður að varanlegum sjóði sem njóti framlaga af fjárlögum líkt og lagt er til.

Þau markmið sem sett eru fram með þingsályktunartillögunni eru verðug og styðja við innleiðingu Barnasáttmálans. Stjórnvöldum ber að stuðla að menningarläsi, menningarþátttöku og miðlun menningararfs meðal barna og unglunga með markvissum hætti og eru þær aðgerðir sem hér eru lagðar til mikilvægur hluti af þeirri vinnu.

Það er mat umboðsmanns barna að þörf sé á frekari umfjöllun í þingsályktunartillögu þessari um mikilvægi þess að aðgerðir nái til allra barna og að þeim séu tryggð jöfn tækifæri til þátttöku. Þá þarf að hafa í huga að þörf getur verið á sérstökum aðgerðum með það að markmiði að tryggja að aðgerðir nái til allra hópa barna. Í 2. mgr. 31. gr. sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, er fjallað um réttindi barna til þess að taka fullan þátt í menningar- og listalífi. Þar er einnig fjallað um að stjórnvöld þurfi að stuðla að því að jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf og listir. Í almennu álitni barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 17 frá 2013 kemur fram að nefndin hafi áhyggjur af því að ákveðnir hópar barna standi oft höllum fæti þegar kemur að því að njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í 31. gr. Barnasáttmálans. Þar er m.a. sérstaklega fjallað um börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og fötlud börn. Taka þarf mið af ólíkri stöðu og þörfum mismunandi hópa barna í aðgerðaáætlun sem þessari þannig að tryggt sé að öll börn njóti sömu tækifæra án mismununar í samræmi við 2. gr. Barnasáttmálans.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna